

Góð skemmtun er örugg og ofbeldislaus

Er þinn viðburður góð skemmtun?

Góð ráð fyrir viðburðahaldara

Samskipti við lögreglu og aðra viðbragðsaðila: Til að allt gangi vel fyrir sig þarf góð samskipti við lögreglu og aðra viðbragðsaðila. Látið vita af öllum áætlunum ykkar og fáið ráðleggingar um öryggisráðstafanir í samræmi við stærð og umfang viðburðarins. Tryggið ykkur nauðsynleg leyfi tímanlega.

Stýring á umferð: Ræðið tímanlega við viðbragðsaðila um skipulag og stýringu umferðar, s.s. tímabundnar akstursleiðir, umferðarmerki og lokanir vega. Tryggið að til staðar séu öruggar, skýrar og vel lýstar gönguleiðir. Hvetjið til notkunar almenningsgangna, t.d. með því að koma upp sérstökum strætóleiðum eða stöðvum sem tengjast beint viðburðarsvæðinu.

Öryggisáætlun: Hafið öryggi gesta að leiðarljósi við skipulag viðburðarins. Miða skal við þær forsendur sem leiða má af umsókn um hátíðarhald, m.a. um áætlaðan fjölda gesta, staðsetningu viðburðarins, lengd hans, tímasetningu, samsetningu skemmtikrafta, aldursdreifingu þeirra gesta sem líklegastir eru til að sækja hátíðina o.s.frv. Gerið ítarlega öryggisáætlun fyrir viðburðinn. Það getur falið meðal annars í sér skilgreinda neyðarútganga, athvörf fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð og áætlun um viðbrögð við neyðartilvikum.

Öryggisgæsla: Tryggið nægilega öryggisgæslu á hátíðinni. Hafið vel merkt starfsfólk í öryggisgæslu staðsett við innganga og útganga og dreifið þeim um hátíðarsvæðið til að tryggja sýnileika og skjót viðbrögð. [Athugið hvort þitt öryggisfyrirtæki er með leyfi frá ríkislögreglustjóra.](#)

Heilbrigðisþjónusta: Hafið samráð við ykkar heilbrigðisstofnanir til að tryggja að viðbúnaður sé nægilegur vegna slysa og óhappa, jafnt smáslysa sem alvarlegri slysa, þ.m.t. hvernig sjúkrabílar geta komist greiðlega að á sem skemmstum tíma. Aflið upplýsinga um hvernig á að kalla til bráðaþjónustu ef á þarf að halda og hafið þær upplýsingar aðgengilegar í öryggisáætlun og vel sýnilegar starfsfólki, sjálfbóðaliðum og gestum.

Upplýsingar fyrir gesti: Látið gesti fá upplýsingar um helstu öryggisatriði, þar á meðal hvar þeir finna neyðarútganga, öryggisgæslu, og hvar aðstoð er í boði. Hvetjið þá til að hafa símann fullhlaðinn, [vera með 112 appið í símanum](#), [nýta netspjall 112](#) eða [hringja í 112 í neyð](#). Þetta má gera með skiltum, bæklingum eða upplýsingum á vefsíðu eða samfélagsmiðlum viðburðarins.



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



LÖGREGLAN

Á góðri skemmtun njótum við samverunnar

Vinum saman að öruggri og ofbeldislausri skemmtun

Áfengi og önnur vímuefni: Setjið strangar reglur varðandi áfengi og önnur vímuefni. Ef áfengi er selt á viðburðinum, hafið þá eftirlit með aldri þeirra sem kaupa áfengi og takmarkið magn sem hver einstaklingur má kaupa. Hafið einnig viðbúnað til að bregðast við neyslu ólöglegra fíkniefna. Tryggið öryggi alla leið heim og ræðið við lögregluna og viðbragðsaðila um hvernig sé best að háttá eftirliti með því að enginn setjist undir stýri undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Aðgengi og aðstaða: Tryggið að viðburðarsvæðið sé aðgengilegt fyrir öll, þar á meðal einstaklinga með hreyfihömlun. Hafið næga salernisaðstöðu og drykkjarvatn í boði. Skipuleggið tjaldsvæði með sem bestum hætti og sjáið til þess að götur og göngustígar séu greiðfær fyrir sjúkraflutninga.

Þjálfun starfsfólks: Tryggið að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar þekki öryggisáætlunina, fái viðeigandi þjálfun í öryggismálum og viti hvernig á að bregðast við neyðartilvikum.

Aðgerðir gegn þjófnaði: Hafið sýnilega öryggisgæslu á svæðum þar sem fólk safnast saman. Hvetjið þátttakendur til að geyma verðmæti á öruggum stað og nota læst hölf ef þau eru í boði. Setjið upp skilti sem vara við þjófum og hvetjið fólk til að tilkynna grunsamlega hegðun.

Aðgerðir gegn kynferðisbrotum og öðru ofbeldi: Útbúið athvarf þar sem fólk getur leitað aðstoðar ef það upplifir ógn eða óöryggi. Veitið starfsfólki og sjálfboðaliðum þjálfun í því að bera kennsl á og bregðast við kynferðisbrotum og líkamsárásam. Setjið upp bæklina eða skilti með upplýsingum um hvernig á að tilkynna slíkt ofbeldi og við hvern á að hafa samband. Hvetjið gesti til að láta vita ef þeir verða fyrir áreiti eða ofbeldi og [að öll séum við vakandi gagnvart þeim sem virða ekki mörk](#).

Öryggi á salernum: Tryggið að salerni séu vel lýst og reglulega hreinsuð. Hafið öryggisverði nálægt salernum til að tryggja öryggi og bregðast við neyðartilvikum. Hvetjið þátttakendur til að nota salerni í hópum, sérstaklega á kvöldin. Setjið upp skilti með neyðarnúmerum og leiðbeiningum um hvað á að gera ef einhver upplifir ógn eða hættu á salerninu.

Við vonum að þessar ráðleggingar hjálpi ykkur við skipulagningu Góðrar skemmtunar.

Ef þið hafið frekari spurningar eða þarfnist aðstoðar, ekki hika við að hafa samband við lögregluna.

Með ósk um örugga og ánægjulega skemmtun



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



LÖGREGLAN